

Mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Sölvhólgötu 4

7. september 2011

M-369  
PV/mb

**150 Reykjavík.**

### **Efni: Málefni Kvikmyndaskóla Íslands**

Vísað er til bréfs ráðuneytisins frá 23. ágúst sl. þar sem óskað var eftir að fram færi athugun á ráðstöfun framlags úr ríkissjóði vegna kvikmyndanáms til Kvikmyndaskóla Íslands.

Ríkisendurskoðun hefur aflað ýmissa upplýsinga frá skólanum vegna beiðninnar. Þar á meðal eru ársreikningar skólans sem hafa verið unnir með aðstoð Deloitte hf. og ýmsar upplýsingar úr bókhaldi. Niðurstaða athugunar Ríkisendurskoðun er að ekki verði annað ráðið en að framlög úr ríkissjóði til skólans hafi runnið til þeirrar starfsemi sem tilgreind er í styrktarsamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis við skólann. Þannig bendir ekkert til þess að framlögum hafi verið varið til óskyldrar starfsemi eða að fjármunir hafi runnið með óeðlilegum hætti út úr rekstri skólans. Ástæða er til að taka fram að vegna lausafjárskorts hefur bókhald skólans ekki verið fært frá því í mars sl. Sú staðreynd breytir þó ekki niðurstöðu Ríkisendurskoðunar.

Eins og ráðuneytinu er kunnugt má einkum rekja fjárhagsvanda skólans til þess að nemendum var fjölgað langt umfram viðmið styrktarsamningsins. Vegna hinnar alvarlegu fjárhagsstöðu skólans vill Ríkisendurskoðun benda á að hún hefur margsinnis lýst þeirri afstöðu sinni að stofnanir ríkisins og aðilar sem ríkið hefur samið við um að veita ákveðna þjónustu eigi ekki að stofna til fjárhagsskuldbindinga fyrir en formleg fjárveiting liggur fyrir.

#### **Afrit:**

Kvikmyndaskóli Íslands